

# Lög

um breytingu á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum,  
með síðari breytingum.

---

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „þings“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: kjörtímabils.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Þjóðgarðurinn er að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Þingvallanefnd sem nú situr skal halda umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið kjörin eftir næstu alþingiskosningar.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. desember 2009.*